

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 11. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0057
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna íbúðarsvæðis ÍB5 á Höfn í Hornafirði.

Vísað er í umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt, dags. 28. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og gerð nýs deiliskipulags fyrir stækkun á íbúðarsvæði ÍB5 á Höfn í Hornafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill einungis benda á að áætluð uppbygging íbúðarsvæðis er staðsett nálægt lítt röskuðum fjörusvæðum í vestanverðum Skarðsfirði sem er á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) og einnig að hluta innan marka svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna verðmætra fjöruvistgerða og búsvæða fugla. Taka þarf tillit til þess við skipulag íbúðarbyggðarinnar og tryggja hæfilega fjarlægð byggðar frá fjörumörkum. Einnig mætti gera úttekt á hvort og hvernig fuglar nýti þetta svæði í dag þ.m.t. ræktuðu túnin.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu en áskilur sér rétt á fleiri ábendingum síðar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

